

1975 nr. 7 26. febrúar**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972**

Tóku gildi 17. mars 1975. Breytt með: L. 56/1986 (tóku gildi 21. maí 1986). L. 25/1990 (tóku gildi 18. maí 1990). L. 19/1993 (tóku gildi 7. apríl 1993). L. 123/2001 (tóku gildi 30. nóv. 2001). L. 10/2006 (tóku gildi 28. mars 2006). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ [Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem undirrituð var í Lundúnum 20. október 1972.

□ [Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru

í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987, 19. október 1989, 4. nóvember 1993 og 29. nóvember 2001.]¹⁾

□ [Alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.]²⁾

¹⁾ L. 10/2006, 1. gr. ²⁾ L. 19/1993, 1. gr.

■ 2. gr.

□ [Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó hafa lagagildi á Íslandi. [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð²⁾ skv. 1. reglu alþjóðareglanna.]³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 63. gr. ²⁾ Rg. 524/2008, sbr. 361/2009. ³⁾ L. 10/2006, 2. gr.

■ 3. gr. . . .**■ 4. gr.**

□ [Brot gegn alþjóðareglunum og viðaukum, sem reglunum fylgja, varða sektum ef ekki liggur þyngrri refsing við eftir öðrum lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 10/2006, 3. gr.

Fylgiskjal.

Alþjóðasamningur um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, með breytingum.¹⁾

¹⁾ Sjá Stjótt. A 2006, bls. 53–82.